

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Nýtt deiliskipulag – Staðarbjargarvík, Hofsósi.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 31. fundi sínum 23. október 2024 deiliskipulagstillögu fyrir Staðarbjargarvík, Hofsósi.

Í deiliskipulaginu felst að á 1,3 ha svæði sem skilgreint er sem OP-603 og HV-602 í aðalskipulagi, eru afmarkaðar gönguleiðir og útsýnisstaðir meðfram stöndinni. Ekki er gert ráð fyrir byggingum. Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:10.000, dags. 24. apríl 2024.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – íbúðarreitur milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 29. fundi sínum 21. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarreit milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki.

Í stað tveggja parhúsa á lóðum nr. 25-27 og 29-31 við Freyjugötu verði heimilað að byggja tvö þriggja íbúða raðhús. Lóð og byggingarreitur á lóð Freyjugötu nr. 25-29 (áður 25-27) verði stækkuð um 1,7 m til suðausturs og lóð og byggingarreitur á lóð Freyjugötu nr. 31-35 (áður 29-31) skerðist að sama skapi. Lóð Freyjugötu nr. 25-29 stækkar úr 1.153,3 m² í 1.195 m² og leyfilegt hámarks-nýtingarhlutfall skerðist úr 0,35 í 0,32. Lóð Freyjugötu nr. 31-35 minnkar úr 1.063,8 m² í 1.022,8 m² og hámarks leyfilegt nýtingarhlutfall er aukið úr 0,35 í 0,38. Hámarks leyfilegt nýtingarhlutfall samanlagt á báðum lóðunum helst óbreytt eða 0,35 þannig að ekki verður um meira byggingarmagn að ræða en heimilt er samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Staðföng munu breytast með fjölgun íbúða.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 10. desember 2024.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.